



Afkomuskýrsla

Fyrsti ársfjórðungur 2008



29. apríl 2008

## Afkoma Exista á fyrsta ársfjórðungi 2008

Fjármálaþjónustufyrirtækið Exista hf. birtir í dag árshlutauppgjör fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2008.

### Helstu niðurstöður rekstrarreiknings:

- Afkoma eftir skatta neikvæð um 43,8 milljónir evra (ISK 4,4 milljarðar)
- Hagnaður af fjármálaþjónustu eftir skatta 67,2 milljónir evra (ISK 6,8 milljarðar)
- Tap af fjárfestingum eftir skatta 111,0 milljónir evra (ISK 11,2 milljarðar)

### Helstu niðurstöður efnahagsreiknings:

- Heildareignir 7,4 milljarðar evra (ISK 893 milljarðar), lækkuðu um 8,1% í fjórðungnum
- Eigið fé 2,3 milljarðar evra (ISK 283 milljarðar), lækkaði um 1,5% í fjórðungnum
- Heildarskuldir lækkuðu um 10,9% í fjórðungnum
- Reiðufé nam 485 milljónum evra (ISK 59 milljörðum) 31. mars og tryggt lausafé nægilegt til að mæta endurfjármögnun til desember 2009
- Eiginfjárhlutfall 35,2% (með víkjandi skuldabréfum)

### Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður:

„Við erum sátt við útkomu Exista úr ársfjórðungi sem reynst hefur fyrirtækjum í fjármálaþjónustu sérlega erfiður. Þrátt fyrir neikvæða afkomu, þá hefur Exista staðið vörð um sterkar fjárhagslegar undirstöður, öfluga lausafjárstöðu og framúrskarandi eignir. Við höfum hagað starfsemi Exista, kostnaðaraðhaldi og áhættustýringu með þeim hætti að tekist hefur að tryggja fjárhagsstyrk og lausafé félagsins á tímum umróts á alþjóðamörkuðum. Samhliða höfum við tekið mikilvæg skref við að skapa ný sóknarfæri, svo sem með kaupum á Skiptum. Ítök Exista í fjármálaþjónustu á Norðurlöndum halda áfram að aukast og skapa félaginu spennandi möguleika til framtíðar.“

Frekari upplýsingar um reikninga félagsins veitir:

Samskiptasvið Exista  
Sigurður Nordal  
framkvæmdastjóri  
sími: 550 8620 (ir@exista.com)

### Um Exista

Exista hf. starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum váttrygginga og eignaleigu, meðal annars undir merkjum VÍS, Lífis og Lýsingar. Exista er jafnframt alþjóðlegur fjárfestir og meðal annars kjölfestueigandi í Sampo Group, Kaupþingi banka, Bakkavör Group, Storebrand og Skiptum. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til uppbyggingar á starfsemi sinni hér á landi og erlendis. Upplýsingar um Exista hf. og uppgjórið er að finna á vefsíðu félagsins, [www.exista.com](http://www.exista.com)

## Rekstrarreikningur samstæðu

Reikningar Exista hf. eru útbúnir í samræmi við alþjóðleg reikningsskil (IFRS).

Afkoma Exista fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2008 var neikvæð um 45,9 milljónir evra, en á sama tímabili í fyrra var hagnaður fyrir skatta 597,5 milljónir evra. Afkoma eftir skatta var neikvæð um 43,8 milljónum evra, en á sama fjórðungi í fyrra var hagnaður um 640,7 milljónir evra. Rétt er að taka fram að á fyrsta ársfjórðungi 2007 bókaði Sampo Group hagnað af sölu á bankastarfsemi sinni, sem hafði veruleg áhrif á hagnað Exista frá hlutdeildarfélögum í þeim fjórðungi.

### Tekjur

Heildartekjur samstæðunnar námu 16,1 milljón evra í fyrsta ársfjórðungi 2008, en voru 668,0 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Tap á fjáreignum á gangvirði var 173,2 milljónir evra á fjórðungnum, samanborið við 38,2 milljón evra hagnað á fyrstu þremur mánuðunum 2007.

Hagnaður af veltufjáreignum nam 58,5 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi. Hagnaður af veltufjáreignum var 110,8 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Arðstekjur námu 4,3 milljónum evra, samanborið við 5,0 milljónir evra á fyrstu þremur mánuðum síðasta árs. Vakin er athygli á því að arður frá hlutdeildarfélögum í fjármálaþjónustu, Kaupþingi og Sampo, er ekki tekjufærður, heldur færður til lækkunar á bókfærðu virði í efnahagsreikningi og tekinn inn í fjárstreymi félagsins. Arður hlutdeildarfélaganna nam 28,6 milljóna evra á fyrsta ársfjórðungi 2008, en 138 milljóna evra arður frá Sampo Group verður færður inn í reikninga annars ársfjórðungs 2008.

Vaxtatekjur námu alls 28,5 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi, en 18,4 milljónum evra á fyrstu þremur mánuðum síðasta árs. Aukningin milli tímabila skýrist fyrst og fremst af vaxtatekjum á handbæru fé félagsins, en helmingur vaxtatekna er tilkominn vegna eignaleigustarfsemi.

Tryggingaiðgjöld námu 28,8 milljónum evra á fjórðungnum, samanborið við 35,2 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2007. Samdrátturinn skýrist af gengislækkun krónunnar, en iðgjöld eru nær einvörðungu í krónum.

Hlutdeildartekjur námu 64,6 milljónir evra, en þær námu 457 milljónir evra í fyrsta ársfjórðungi í fyrra, þegar Sampo bókfærði sölu á bankastarfsemi sinni. Við útreikning á hlutdeild Exista í ársfjórðungslegum hagnaði hlutdeildarfélaganna Sampo og Kaupþings banka er miðað við spár markaðsaðila á hagnaði fyrirtækjanna fyrir tímabilið og koma frávik raunverulegs hagnaðar frá áætluðum hagnaði til tekna eða gjalda í næsta uppgjöri á eftir.

### Gjöld

Rekstrarkostnaður var 16,5 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi en hann var 16,7 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2007.

Tjóna- og líftryggingabætur námu 28,8 milljónum evra, en þær námu 26,5 milljónum á sama tímabili í fyrra.

Heildargjöld samstæðunnar, þar með taldar tjónabætur, námu alls 45,3 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi. Fyrstu þrjá mánuðina í fyrra voru heildargjöld hins vegar 43,2 milljónir evra.

### Rekstrarafkoma, fjármagnsgjöld og skattar

Afkoma fyrir fjármagnsgjöld var neikvæð um 29,2 milljónir evra í fjórðungnum, en á sama tímabili í fyrra var 624,8 milljóna evra hagnaður.

Vaxtagjöld námu 105,1 milljón evra, en þau námu 56,4 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2007.

Gengishagnaður og verðbætur námu 88,4 milljónum evra á fjórðungnum, en 29,0 milljónum evra á fyrstu þremur mánuðunum 2007.

Tekjuskattur var jákvæður um 2,0 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi, en hann var jákvæður um 43,2 milljónir evra þegar tekjuskattskuldbinding var leyst upp á fyrsta ársfjórðungi 2007.

## Rekstrarreikningur samstæðu

(MILLJÓNIR EVRA)	1F 2008	4F 2007	3F 2007	2F 2007	1F 2007
Fjáreignir metnar á gangvirði	-173,2	-104,6	32,0	35,3	38,2
Veltufjáreignir	58,5	-156,3	-37,3	36,4	110,8
Arður	4,3	0,04	0,7	6,9	5,0
Vaxtatekjur	28,5	30,3	23,2	19,3	18,4
Vátryggingaiðgjöld	28,8	31,2	32,0	30,6	35,2
Hlutdeildartekjur	64,6	48,4	92,5	158,3	457,0
Aðrar tekjur	4,6	7,2	4,2	3,3	3,3
<b>Tekjur</b>	<b>16,1</b>	<b>-143,8</b>	<b>147,1</b>	<b>290,2</b>	<b>668,0</b>
Tjónagjöld	-28,8	-28,3	-25,1	-24,5	-26,5
Rekstrarkostnaður	-16,5	-18,8	-14,5	-15,5	-16,7
<b>Gjöld</b>	<b>-45,3</b>	<b>-47,1</b>	<b>-39,6</b>	<b>-40,0</b>	<b>-43,2</b>
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>	<b>-29,2</b>	<b>-190,8</b>	<b>107,5</b>	<b>250,2</b>	<b>624,8</b>
Vaxtagjöld	-105,1	-109,4	-106,2	-78,2	-56,4
Gengismunur og verðbætur	88,4	-6,2	8,7	52,7	29,0
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>-45,9</b>	<b>-306,5</b>	<b>10,0</b>	<b>224,7</b>	<b>597,5</b>
Tekjuskattur	2,0	10,9	-2,6	-3,3	43,2
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>-43,8</b>	<b>-295,6</b>	<b>7,4</b>	<b>221,4</b>	<b>640,7</b>

## Afkoma starfspáttá

Starfsemi Exista byggir á tveimur meginstoðum, en þær eru fjármálaþjónusta og fjárfestingar.

### Fjármálaþjónusta

Fjármálaþjónusta skilaði 67,2 milljóna evra hagnaði eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi. Fjármálaþjónusta, sem nemur samtals um 84% af efnahagsreikningi Exista, skiptist í dótturfélög og hlutdeildarfélag. Dótturfélög í fjármálaþjónustu eru alfarið í eigu Exista, og gerð upp sem slík í reikningum félagsins. Hlutdeildarfélag í fjármálaþjónustu eru kjölfestueignir til langs tíma og færð með hlutdeildaraðferð í reikningum félagsins.

Heildartekjur af fjármálaþjónustu námu 122,7 milljónum evra á ársfjórðungnum. Þar af námu iðgjöld frá váttryggingarekstri 28,8 milljónum evra, vaxtatekjur 23,4 milljónum evra og fjárfestingartekjur 70,3 milljónum evra.

Heildargjöld vegna fjármálaþjónustu námu 41,5 milljónum evra. Þar af nam tjonakostnaður 28,8 milljónum evra og rekstrarkostnaður 12,6 milljónum evra.

Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir fjármagnsgjöld nam 81,3 milljónum evra og fjármagnsgjöld námu 13,6 milljónum evra. Hagnaður fyrir skatta nam því 67,7 milljónum evra.

Samsett hlutfall tryggingastarfsemi var 119% á fyrstu þremur mánuðum ársins, en markmið félagsins er að samsett hlutfall verði undir 100% á árinu. Tjonakostnaður á tímabilinu var hár sökum óhagstæðra ytri áhrifa, svo sem vályndra veðra og vetrarríkis. Frá mars 2007 til mars 2008 var samsett hlutfall tryggingastarfsemi að meðaltali 108%. Á fyrsta ársfjórðungi var arðsemi eigin fjár af eignaleigustarfsemi 24% á ársgrundvelli.

### Fjárfestingar

Akoma af fjárfestingum var neikvæð um 111,0 milljónir evra á tímabilinu. Undir fjárfestingar falla eignarhlutir og fjárfestingar félagsins í skráðum og óskráðum fyrirtækjum. Fjárfestingar eru færðar á gangvirði í reikningum félagsins og nema um 16% af efnahagsreikningi Exista.

Fjárfestingatekjur voru neikvæðar um 116,0 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi. Vaxtatekjur námu 5,1 milljón evra og aðrar tekjur 4,3 milljónum.

Heildargjöld námu 3,8 milljónum evra. Afkoma fyrir fjármagnsgjöld var neikvæð um 110,4 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi en fjármagnsgjöld námu 3,1 milljónum evra. Akoma fyrir skatta var því neikvæð um 113,5 milljónir evra á fjórðungnum.

(MILLJÓNIR EVRA)	FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA	FJÁRFESTINGAR	SAMTALS
Fjárfestingatekjur	70,3	-116,0	-45,7
Váttryggingaiðgjöld	28,8	-	28,8
Vaxtatekjur	23,4	5,1	28,5
Aðrar tekjur.	0,3	4,3	4,6
<b>Tekjur</b>	<b>122,7</b>	<b>-106,6</b>	<b>16,1</b>
Tjonakostnaður	-28,8	-	-28,8
Rekstrarkostnaður	-12,6	-3,8	-16,4
<b>Kostnaður</b>	<b>-41,5</b>	<b>-3,8</b>	<b>-45,3</b>
<b>Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnskostnað</b>	<b>81,3</b>	<b>-110,4</b>	<b>-29,2</b>
Fjármagnskostnaður	-13,6	-3,1	-16,7
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>67,7</b>	<b>-113,5</b>	<b>-45,9</b>
Tekjuskattur	-0,5	2,5	2,0
<b>Hagnaður (tap) eftir skatta</b>	<b>67,2</b>	<b>-111,0</b>	<b>-43,8</b>

## Efnahagsreikningur samstæðu

### Eignir

Heildareignir Exista voru 7.359 milljónir evra 31. mars 2008 og höfðu lækkað um 651 milljónir evra, eða 8,1%, frá áramótum.

Fjáreignir á gangvirði námu 1.017 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs og höfðu lækkað um 106 milljónir evra frá upphafi árs. Skráð hlutabréf námu um 892 milljónum evra og óskráð hlutabréf námu um 125 milljónum evra.

Veltufjáreignir, sem eru að stærstum hluta váttryggingaskuld, námu 169 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs og höfðu dregist saman um 41 milljón evra frá áramótum.

Útlán og kröfur námu 783 milljónum evra og höfðu lækkað um 2 milljónir evra frá upphafi árs. Útlán eru að mestu tilkomin vegna eignaleigustarfssemi félagsins.

Viðskiptavild samstæðunnar var metin á 353 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs, en hún er tilkomin vegna kaupa á váttrygginga- og eignaleigustarfssemi árið 2006. Viðskiptavild samstæðunnar lækkaði um 117 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi og nemur nú innan við 5% af heildareignum.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum voru metnir á 4.440 milljónir evra 31. mars 2008. Þetta eru að langstærstum hluta eignarhlutir samstæðunnar í Sampo Group og Kaupþingi banka. Í reikningnum er bókfært virði þessara eigna 1.240 milljónum evra yfir markaðsvirði miðað við gengi hlutabréfa 31. mars 2008, eins og nánar er fjallað um á blaðsíðu 7.

Endurtryggingaeignir námu 10 milljónum evra 31. mars 2008. Fjárfestingaeignir námu 52 milljónum evra og fasteignir og tæki 21 milljón evra.

Reiðufé nam 485 milljónum evra 31. mars 2008. Aðrar eignir námu 29 milljónum evra.

### Skuldir og eigið fé

Heildarskuldir voru 5.026 milljónir evra þann 31. mars 2008 og höfðu lækkað um 616 milljónir evra frá áramótum. Skuldir Exista greinast í grófum dráttum í lántökur, víkjandi skuldabréf og váttryggingaskuld.

Lántökur námu 4.364 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs, og hafa þær lækkað um 759 milljónir evra frá áramótum.

Víkjandi skuldabréf námu 255 milljónum evra í lok fjórðungsins.

Váttryggingaskuld var 193 milljónir evra og hafði lækkað um 29 milljónir evra á fyrstu þremur mánuðunum.

Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nam 11 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs, en hún var 19 milljónir evra í upphafi árs.

Eigið fé samstæðunnar var 2.333 milljónir þann 31. mars 2008, sem er lækkun um 35 milljónir evra frá áramótum. Stjórn Exista hefur samþykkt að nýta heimild til útgáfu á allt að 2,8 milljörðum nýrra hluta til þess að uppfylla skuldbindingar félagsins vegna kaupa á Skiptum hf.

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 35,2% í lok mars. Að víkjandi eiginfjárskírteinum undanskildum var eiginfjárhlutfallið 31,7%.

## Efnahagsreikningur samstæðu

(MILLJÓNIR EVRA)	31. MARS 2008	31. DES. 2007	BREYTING
<b>Eignir</b>			
Fjáreignir metnar að gangvirði í gegnum rekstur	1.017,2	1.123,4	-9%
Veltufjáreignir	168,8	210,2	-20%
Útlán og kröfur	782,8	785,0	-
Viðskiptavild	352,9	469,4	-25%
Hlutdeildarfélag	4.439,8	4.737,6	-6%
Endurtryggingareignir	10,1	10,1	-
Fjárfestingareignir	52,1	70,1	-26%
Fasteignir, áhöld og tæki	21,4	27,6	-22%
Handbært fé	485,5	567,6	-14%
Aðrar eignir	28,9	9,5	204%
<b>Eignir samtals</b>	<b>7.359,5</b>	<b>8.010,5</b>	<b>-8%</b>
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Hlutafé	143,5	120,6	19%
Varasjóðir	722,0	736,3	-2%
Óráðstafað eigið fé	1.467,6	1.511,3	-3%
<b>Eigið fé hluthafa móðurfélagsins</b>	<b>2.333,2</b>	<b>2.368,1</b>	<b>-1%</b>
Hlutdeild minnihluta	0,3	0,6	-50%
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>2.333,5</b>	<b>2.368,7</b>	<b>-1%</b>
<b>SKULDIR</b>			
Lántaka	4.364,3	5.123,7	-15%
Víkjandi eiginfjárskirteini	255,4	250,0	2%
Vátrygginga- og líftryggingaskuld	192,6	221,5	-13%
Tekjuskattsskuldbinding	10,6	18,8	-44%
Aðrar skuldir	203,1	27,8	631%
<b>Skuldir samtals</b>	<b>5.025,6</b>	<b>5.641,8</b>	<b>-11%</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>7.359,5</b>	<b>8.010,5</b>	<b>-8%</b>

## Sterk lausafjárstaða

Exista hefur fylgt skýrum markmiðum hvað varðar fjármögnun og er félagið í sérstaklega góðri stöðu hvað varðar laust fé.

Hinn 31. mars hafði félagið tryggt lausafé til að mæta endurfjármögnun til næstu 89 vikna. Samstæðan hafði því lausafé til að standast skuldbindingar sem falla á gjalddaga fram til desember 2009. Tryggt lausafé telst reiðufé, samningstryggðar lánalínur og verðbréf hæf til endurhverfra viðskipta. Með tryggu lausafé eru ekki talin önnur auðseljanleg verðbréf, tekjur af tryggingarekstri og eignaleigustarfsemi, né væntanlegar arðgreiðslur.

Tryggt lausafé í lok janúar 2008 var samsett af handbæru fé 42%, tryggum lánalínum 41% og veðhæfum verðbréfum 17%.

Fjármögnun og lausafjárstýring Exista hefur haft það að markmiði að skapa víðtækan aðgang að fjármagni, auka líftíma lána og tryggja viðvarandi sterka lausafjárstöðu.

## Markaðsvirði hlutdeildarfélaganna

Frá 1. janúar 2007 hafa Sampo Group og Kaupþing banki verið hlutdeildarfélag Exista. Eignarhlutur Exista í Kaupþingi er 24,75% og 19,98% í Sampo. Hlutdeildarfélagin eru langtíma kjölfestueignir Exista í kjarnastarfsemi félagsins, sem er fjármálaþjónusta.

Hlutdeildarfélagin í fjármálaþjónustu eru færð með hlutdeildaraðferð í reikningum félagsins og hafa skammtímasveiflur í verði hlutabréfa þeirra ekki áhrif á bókfært virði þeirra. Í sveiflum á markaði getur því markaðsvirði hlutdeildarfélaganna orðið umtalsvert meira eða minna en bókfært virði. Við lok fyrsta ársfjórðungs 2008 var markaðsvirði hlutdeildarfélaganna 1.240 milljónum lægra en bókfært virði þeirra.

(MILLJÓNIR EVRA)

31 MARS 2008

Bókfært virði hlutdeildarfélaganna	4.440
Markaðsvirði hlutdeildarfélaganna	3.200
<b>Bókfært virði umfram markaðsvirði</b>	<b>1.240</b>

Aðrir eignarhlutar eru færðir á markaðsvirði, þar á meðal Bakkavör Group og Storebrand.

## Nýir hlutir í Exista boðnir fyrir hluti í Skiptum

Skipti hf. var skráð á Nasdaq OMX þann 19. mars 2008. Sama dag ákvað stjórn Exista að leggja fram valfrjálst yfirtökutilboð í allt hlutafé Skipta. Tilboð Exista nemur 6,64 krónum á hlut, sem er hið sama og útboðsgengi félagsins í tengslum við skráningu Skipta. Það er mat Exista að tilboðsverðið endurspegli vel núverandi raunvirði félagsins. Stefnt er að því að kanna á ný skráningu Skipta þegar aukið jafnvægi verður á fjármálamörkuðum.

Greitt verður með nýjum hlutum í Exista á dagslokaverði 18. mars 2008, sem var 10,1 króna á hlut. Stjórn Exista mun því nýta heimild í samþykktum félagsins til útgáfu allt að 2.842.151.050 nýrra hluta í Exista. Hlutafé Exista mun því að hámarki aukast úr 11.361.092.458 hlutum í allt að 14.203.243.508 hluti.

Hinn 7. apríl 2008 óskaði stjórn Skipta eftir því að hlutabréf félagsins yrðu tekin úr viðskiptum af aðallista kauphallarinnar. Fyrir yfirtökutilboðið áttu Exista og dótturfélag 43,7% hlutafjár í Skiptum. Með þeim hlut hafa hluthafar með samtals um 97% eignarhlut í Skiptum gengið að tilboðinu. Tilboðið gildir til 26. maí 2008.

## Niðurstöður aðalfundar 2008

Aðalfundur Exista var haldinn þann 28. febrúar. Samþykkt var tillaga stjórnar um að greiða ekki út arð vegna hagnaðar á rekstrarárinu 2007 vegna óhagstæðra aðstæðna á alþjóðamörkuðum.

Aðalfundur samþykkti tillögu um heimild stjórnar til að breyta og gefa út hlutafé í evrum í stað króna, telji stjórn það vænlegt. Einnig var samþykkt að veita stjórn heimild til að auka hlutafé félagsins um allt að 7 milljörðum hluta að nafnvirði.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins til eins árs:

Ágúst Guðmundsson, Bretlandi  
Bogi Óskar Pálsson, Íslandi  
Guðmundur Hauksson, Íslandi  
Hildur Árnadóttir, Íslandi  
Lýður Guðmundsson, Bretlandi  
Robert Tchenguiz, Bretlandi  
Sigurjón Rúnar Rafnsson, Íslandi

Hin nýja stjórn kaus Lýð Guðmundsson formann stjórnar félagsins.

Lýður Guðmundsson var jafnframt kjörinn í stjórn Sampo Group og Kaupþings banka á hlutafafundum félaganna, auk þess sem hann var kjörinn í fulltrúaráð Storebrand á aðalfundi félagsins í apríl.

## Væntanleg niðurfelling hluta í Sampo

Samkvæmt opinberum upplýsingum hefur Sampo í bókum sínum nú samtals 6.715.000 eigin A hluti. Eins og forstjóri Sampo benti á aðalfundi félagsins 15. apríl 2008 er einn af kostum félagsins að fella eigin hluti niður og auka þannig hlutfallslega eign núverandi hluthafa. Exista hefur heimild finnska tryggingaeftirlitsins til þess að eiga allt að 20% hlutfjár í Sampo. Taki Sampo þá ákvörðun að fella niður hluta eða öll eigin bréf á næstu mánuðum mun Exista selja allt að 1,3 milljón hluta, eða sem nemur um það bil helmingi af eins dags meðalveltu hlutabréfa í Sampo, og halda þannig núverandi 19,98% hlut í félaginu óbreyttum.

## Framtíðarhorfur

Afkoma Exista byggir aðallega á þremur þáttum: Afkomu rekstrareininga af trygginga- og eignaleigustarfsemi, hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaganna og verðþróunar annarra eigna. Undirliggjandi rekstur dóttur- og hlutdeildarfélaganna er traustur, og hið sama á einnig við um helstu eignir félagsins. Hinsvegar er afkoma Exista háð markaðsaðstæðum á fjármálamörkuðum sem geta haft áhrif á markaðsvirði skráðra eigna félagsins og þar með afkomu þess.

## Samþykki stjórnar og áritun endurskoðenda

Stjórn Exista samþykkti árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu þrjá mánuði 2008 á stjórnarfundi í dag, 29. apríl 2008. Árshlutareikningurinn er kannaður af endurskoðendum félagsins, Deloitte hf.

## Kynning á uppgjörinu

Kynning á uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2008 verður bæði í London og Reykjavík.

### Reykjavík, 30. apríl 2008

Kynning á uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2008 fer fram í höfuðstöðvum félagsins í Reykjavík, miðvikudaginn 30. apríl kl. 8:00. Þar munu stjórnendur félagsins gera grein fyrir reikningum og svara fyrirspurnum.

Húsið opnar kl. 7:45 og verður boðið upp á léttan morgunverð áður en fundur hefst. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum Exista að Ármúla 3, 108 Reykjavík, á 5. hæð.

Fundurinn fer fram á ensku og er opinn hluthöfum og öðrum markaðsaðilum.

### Netvarp og símafundur, 30. apríl 2008

Kynningarfundinum í Reykjavík verður varpað í beinni útsendingu á vef félagsins, [www.exista.com](http://www.exista.com), og hefst netvarpið kl. 8:00.

Jafnframt er hægt að taka þátt í fundinum símleiðis og leggja fram spurningar með því að hringja í síma 800 8660 eða +44 (0)20 3043 2436 (breskt númer).

Að fundi loknum má nálgast kynningarefni og upptöku af fundinum á heimasíðu Exista, [www.exista.com](http://www.exista.com).

### London, 1. maí 2008

Kynning á uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2008 fer fram á skrifstofu félagsins í London fimmtudaginn 1. maí kl. 9:00 að staðartíma. Þar munu stjórnendur félagsins gera grein fyrir reikningum og svara fyrirspurnum.

Húsið opnar kl. 8:30 að staðartíma með skráningu og léttum morgunverði. Skrifstofa Exista í London er til húsa á fimmtu hæð að 3 Sheldon Square, Paddington Central, London W2 6HY.

## Fjárhagsdagatal 2008

Birtingadagar uppgjöra Exista á árinu 2008 eru eftirfarandi:

- Annar ársfjórðungur: 31. júlí 2008
- Þriðji ársfjórðungur: 31. október 2008
- Fjórdi ársfjórðungur: 30. janúar 2009

## Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar um uppgjörið veitir samskiptasvið Exista, Sigurður Nordal framkvæmdastjóri, í síma 550 8620, og netfang [ir@exista.com](mailto:ir@exista.com).